

Mánudaginn 3. desbr. 1928.

Nr. 53/1928.

Valdstjórnin (B. Þ. Johnson)

gegn

Óskari Þórðarsyni (L. Fjeldsted).

Brot á bifr.lögum og áfengislögnum.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 26. júlí 1928: Kærður, Óskar Þórðarson, missi ökuskirteini sitt í fjóra mánuði frá birtingu dóms þessa að telja. Svo greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Í framhaldsprófum þeim, er haldin hafa verið og lögð hafa verið fram í hæstarjetti, hefir lögregluþjónn sá, er stöðvaði kærða í Tryggvagötu, lýst honum svo, að hann hafi ekið gætilega eftir götunni og stöðvað bifreið sína strax og honum var gefið merki um það, en er lögregluþjónninn fór að tala við kærða, hafi hann fundið vínlykt af honum, heyrt á mæli hans og sjeð á honum að hann var undir áhrifum áfengis, enda hefir kærði játað að hafa neytt vins nokkru áður og fundið á sjer vín, þótt hann haldi því fram að þau áhrif hafi ekki gjört honum nokkuð til við bifreiðaraksturinn.

Brot kærða heyrir undir 5. gr. sbr. 14. gr. laga nr. 56, 15. júní 1926 og 20. gr. laga nr. 64, 7. maí 1928, og þykir refsing sú, er hann hefir tilunnið með hliðsjón af því að hann hefir áður undirgengist að greiða sekt fyrir að aka bifreið undir áhrifum vins, hæfilega ákveðin 150 kr. sekt í rikissjóð, er afplánist með 12 daga einföldu fangelsi, ef sektin er eigi greidd innan 14 daga frá birtingu dóms þessa; svo missi kærði, er að vísu var undir áhrifum áfengis en ekki

er sannað um að verið hafi ölvaður er hann braut í fyrra skiftið (5. apríl þ. á.), ökuleyfi sitt um 12 mánuði frá birtingu undirrettardómsins að telja.

Svo greiði kærði allan kostnað máls þessa bæði í undirretti og hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda í hæstarjetti, 80 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Kærði, Óskar Þórðarson, greiði 150 kr. sekt í ríkissjóð og komi 12 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún er eigi greidd innan 14 daga frá birtingu dóms þessa, og missi ökuskírteini sitt í 12 mánuði frá birtingu uudirrettardómsins að telja.

Svo greiði hann allan kostnað málsins bæði í undirretti og hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda í læstarjetti, málflutningsmannanna Bjarna Þ. Johnson og Lárusar Fjeldsted, 80 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Óskari Þórðarsyni, Bræðraborgarstig 12 B hjer í bænum, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 64, frá 7. maí 1928.

Málavextir eru þeir, sem sú skal greina og sannaðir með eigin játningu kærðs, er kemur heim við það, sem á annan hátt, er upplýst í málinu.

Laugardaginn 15. þ. m. um kl. 11 síðdegis ók kærður vöruflutningabifreiðinni R.E. 465, sem hann ekur venjulega, heiman frá sjer á Bræðraborðastíg 12 B og ætlaði að sækja bildekk, sem geymt var í pakkhúsi við Tryggvagötu. Kærður

ók bifreiðinni niður í bæinn og hitti þar Jens Eyjólfsson, byggingarmeistara, og ók honum heim til hans á Grettisgötu 11. Síðan ók kærður áleiðis heim til sín og er hann kemur á Tryggvagötu, kom lögreglan til hans og stöðvaði bifreiðina, kærður ók bifreiðinni samt heim til sín, en lögregluþjónn sat við hlið hans.

Kærður viðurkennir það að hafa verið undir áhrifum áfengis og kemur það heim við skýrslu lögreglunnar.

Kærður hefir gengið inn á 100,00 kr. sekt 13. apríl þ. á. fyrir samskonar brot.

Framantalið brot kærðs ber að áliti dómarsins að heimfæra undir 20. gr. áfengislaganna, nr. 64 frá 7. maí 1928 og þykir refsing sú, sem hann hefir til unnið hæfilega ákveðin missi ökuskirteinis í fjóra mánuði frá birtingu dóms þessa aðt elja.

Svo greiði kærður og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 7. desbr. 1928.

Nr. 87/1928.

Valdstjórnin (Svb. Jónsson)
gegn

Þorkeli Ólafssyni (Guðmundur Ólafsson).

Ölvun.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 1. okt. 1928: Kærður, Þorkell Ólafsson, skal vera sýkn af kæru valdstjórnarinnar í þessu máli og málskostnaður greiðist af allmannafje.

Dómur hæstarjettar.

Eftir að dómur gekk í máli þessu í hjeraði hafa ný vitni verið leidd, þar á meðal Guðmundur Ingi Einarsson, sem kærði fór heim til þegar lögregluþjónninn skildi við hann 29. ág. þ. á. Hefir vitni þetta lýst ásigkomulagi kærða þannig, að af því má ráða, að kærði hafi verið ölvaður, svo sem lögregluþjónninn